

AUGLÝSING**120**

um próf fyrir ökukennara.

11. júlí

Samkvæmt 8. grein reglugerðar nr. 178 frá 13. des. 1948, um kennslu og próf bifreiðastjóra, hafa þeir einir rétt til að hafa á hendi kennslu í notkun bifreiða undir almenna prófið, er hafa til þess hlotið löggildingu dómsmálaráðuneytisins.

Hefur samkvæmt þessu verið ákveðið, að ökukennarapróf skuli fara fram á næsta hausti, eftir nánari auglýsingu prófnefnda í hinum einstöku umdæmum.

Eftir að próf hafa farið fram í einstökum umdæmum, samkvæmt auglýsingum þessum, mega engir aðrir stunda þar ökukennslu en þeir, sem lokið hafa prófinu og fengið síðan löggildingu ráðuneytisins.

Ofangreinda reglugerð má fá hjá bifreiðaeftirlitsmönnum, til skýringar á skilyrðum prófs og löggildingar.

Dómsmálaráðuneytið, 11. júlí 1949.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING**121**

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

25. júlí

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið að ákvæði auglýsingar nr. 292 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING**122**

um styttingu á fresti samkvæmt 19. gr. kosningalaganna.

12. ágúst

Auglýsingafrestur sá um framlagningu kjörskrár, er um ræðir í 19. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, skal stytur í eina viku við kosningar þær, er fram eiga að fara í október næstkomandi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. ágúst 1949.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.